

Nd.

289. Nefndarálit

[84. mál]

um frv. til l. um skráningu skipa.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið umsagnir um það frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Mæltu þessi samtök öll með samþykkt frumvarpsins. Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri og Gísli Auðunsson komu á fund nefndarinnar og skýrðu frumvarpið og svöruðu spurningum.

Veigamesta breytingin frá gildandi lögum felst í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins þar sem samgönguráðherra er veitt heimild til að leyfa skráningu kaupskipa hér á landi án þess að meginkröfu laganna um eignarhald íslenskra aðila sé fullnægt, en þó með því skilyrði að um sé að ræða skip sem gert er út hér á landi með íslenskri áhöfn, að skipið uppfylli ákvæði íslenskra laga og reglna og hafi ekki heimild til að sigla undir fána annars ríkis. Með þessari breytingu verða kaupskip, sem skráð verða á skipaskrá skv. þessari heimild, að lúta eftirliti íslenskra stjórnvalda hvað varðar öryggi skips og búnaðar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 17. des. 1985.

Stefán Valgeirsson,
form., frsm.

Kristín Halldórsdóttir,
fundaskr.

Friðjón Þórðarson.

Sighvatur Björgvinsson.

Stefán Guðmundsson.

Eggert Haukdal.

Steingrímur J. Sigfússon.